

2. ÞING
KRAFTLYFTINGASAMBANDS
ÍSLANDS



ÞINGGERÐ

Annað þing Kraftlyftingasambands Íslands var haldið í fundarsal Íþróttamiðstöðvarinnar á Jaðarsbökkum, Akranesi, laugardaginn 28.janúar 2012. Þingið hófst kl. 9.30.

1. Þingsetning og staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög þess

Sigurjón Pétursson, formaður KRAFT, setti þingið og bauð þingmönnum velkomna. Í lögum um kraftlyftingaþing segir að halda skuli þingið fyrir 1. febrúar ár hvert og boða rafrænt með mánaðar fyrirvara. Sigurjón lýsti yfir lögmæti þingsins og að rétt hafði verið til þess boðað.

2. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd.

Lögð var fram tillaga um Gry Ek, Júlían Jóhannsson og Birgi Viðarsson og var hún samþykkt með lófataki.

3. Kosning þingforseta og varaþingforseta.

Lögð var fram tillaga um Sævar Borgarsson sem þingforseta og Guðjón Hafliðason til vara. Tillagan var samþykkt með lófataki. Sævar þakkaði traustið og tók við stjórn þingsins.

4. Kosning þingritara og varaþingritara.

Lögð var fram tillaga um Gry Ek sem þingritara og Júlían Jóhannsson til vara og var hún samþykkt með lófataki.

5. Þinggerð síðasta árs lögð fram.

Þinggerðin hefur legið frammi á heimasíðu KRAFT undir liðnum fundargerðir síðan í febrúar sl. og var eintak af henni aðgengilegt á þinginu.

6. Ávörp gesta.

Sturlaugur Sturlaugsson, formaður framkvæmdastjórnar ÍA tók til máls og fagnaði því að þingið væri haldið á Akranesi annað árið í röð. Hann bauð fulltrúa velkomna og sagði frá endurbótum sem standa yfir á íþróttamiðstöðinni.

Sigurjón Pétursson, formaður KRAFT kvaddi sér hljóðs og minntist aldarafmælis ÍSÍ sem haldið var hátíðlegt þennan dag. Hann lagði til að þingið sendi ÍSÍ svohljóðandi kveðju í tilefni dagsins:

Árspaning Kraftlyftingasambands Íslands haldið á Akranesi 28.janúar 2012 sendir Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands hér með hugheilar afmælskveðjur á 100 ára afmæli ÍSÍ.

Tillagan var samþykkt.

7. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt.

Gry kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. Samkvæmt lögum KRAFT voru gefin út kjörbréf til 32 fulltrúa frá 7 héraðssamböndum/íþróttabandalögum og 11 kraftlyftingafélaga/-deilda. Á þinginu voru mættir 19 fulltrúar með löglega undirrituð kjörbréf:

Kraftlyftingadeild Ármanns: Júlían J.K. Jóhannsson

Kraftlyftingadeild UMF Selfoss: Jóhanna Eivinsdóttir og Rósa Birgisdóttir

Kraftlyftingafélag Garðabæjar: Alexander Ingi Olsen og Tómas Dan Jónsson

Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar: Grétar Dór Sigurðsson og Ólafur Páll Einarsson

Kraftlyftingafélag Akraness: Lára Finnbogadóttir og Arnar Dór Hlynsson

Kraftlyftingadeild Gróttu: Borghildur Erlingsdóttir og Aron Teitsson

Kraftlyftingadeild Breiðabliks: Halldór Eypórsson, Fannar Dagbjartsson og Daníel Geir Einarsson

Kraftlyftingadeild UMFN Massa: Sævar Ingi Borgarson og Ólafur Hrafn Ólafsson

Kraftlyftingafélag Akureyrar: Grétar Skúli Gunnarsson

Héraðssambandið Skarphéðinn: Bryndís Ólafsdóttir
Íþróttabandalag Reykjavíkur: Guðrún Ósk Jakobsdóttir

Álit kjörbréfanefndar var samþykkt.

8. Kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins

Lögð var fram tillaga um Kára Rafn Karlsson, Sigurjón Pétursson og Birgi Viðarsson í fjárhagsnefnd, Helga Hauksson, Hörð Magnússon og Guðjón Hafliðason í laganefnd og Hermann Hermannsson, Bryndísi Ólafsdóttur og Halldór Eypórsson í allsherjarnefnd.

Tillagan var samþykkt.

9. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Sigurjón flutti skýrsluna:

Ágæta kraftlyftingafólk, velkomin til annars ársþings Kraftlyftingasambands Íslands eftir að það var stofnað á nýjan leik fyrir tæpum tveimur árum síðan og þá innan vébanda Íþróttá – og Olympíusambands Íslands.

Þessi tvö ár hafa verið mikill ævintýra- og uppgangstími fyrir íslenskar kraftlyftingar. Nú eru aðildarfélög að KRAFT orðin 13 talsins en frá síðasta þingi hafa eftirtalin félög bæst við:

*Lyftinga- og líkamsræktardeild Skallagíms í Borgarnesi
Kraftlyftingadeild UMF Stokkseyrar
Kraftlyftingadeild Gróttu*

Alls eru nú skráðir 677 iðkendur í kraftlyftingafélög í Felix félagakerfi ÍSÍ.

Á stofnfundi Kraftlyftingasambands Íslands voru eftirtalin kosin í stjórn sambandsins:

*Sigurjón Pétursson formaður
Guðjón Hafliðason varaformaður
Gry Ek Gunnarsson ritari
Kári Rafn Kárason gjaldkeri
Birgir Viðarsson meðstjórnandi*

Varamenn voru kjörnir þeir Auðunn Jónsson, Hjalti Úrsus Árnason og Einar Már Ríkarðsson. Formaður og varamenn voru kosnir til eins árs og endurkosnir á síðasta þingi en aðalmenn í stjórn voru kosnir til tveggja ára á stofnþinginu fyrir tveimur árum síðan. Kjörtímabil þeirra er því að renna út svo og formanns og varamanna.

Stjórnin hélt 14 bókaða stjórnarfundi og tvo formannafundi á árinu 2011. Auk þess hafa eins og gengur og gerist verið haldnir margir minni vinnufundir, fundir með ýmsum félagasamtökum og opinberum aðilum s.s. menntamálaráðherra, formannafundur sérsambanda ÍSÍ svo og náttúrlega fjöldinn allur af símtölum og snúningum. GSM kostnaður og bensínkostnaður stjórnarmanna er því verulegur. Áður en lengra er haldið vil ég þakka stjórnarmönnum hið mikla, óeigingjarna og góða framlag þeirra. Þetta er búið að vera frábært ár með frábærri áhöfn.

Mér þykir rétt að rifja upp hvert er hlutverk og tilgangur KRAFT. Í lögnum segir að KRAFT eigi að vera æðsti aðili kraftlyftinga á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirumsjón allra íslenskra kraftlyftingamála*
- b. að vinna að eflingu kraftlyftinga í landinu*
- c. að vinna að stofnun nýrra aðildarfélaga*
- d. að setja íslenskum kraftlyftingum nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt*

- e. að lögilda dómara, hjálfa menn til dómarastarfa og veita þeim réttindi
- f. að standa að menntun kraftlyftingahjálfa og veita þeim tilskilin réttindi
- f. að standa fyrir og úthluta kraftlyftingamótum
- g. að standa vörð um uppeldislegt gildi kraftlyftinga á Íslandi
- h. að tefla fram landsliðum og keppendum í alþjóðlegri keppni
- i. að koma fram erlendis fyrir hönd kraftlyftinga á Íslandi
- j. að vinna að öðrum þeim málum er varða kraftlyftingar á Íslandi

KRAFT er aðili að:

- a. Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, (ÍSí)
- b. Alþjóða kraftlyftingasambandinu, (IPF)
- c. Kraftlyftingasambandi Evrópu (EPF)
- d. Kraftlyftingasambandi Norðurlanda (NPF)

Mótamál.

Mótahald svo og að rækta félögin og vinna að stofnun nýrra eru miklvægir þættir í eflingu kraftlyftinga í landinu. Mótaskrá 2011 var birt á heimasíðu KRAFT í október 2010. Haldin hafa verið mörg mót bæði á vegum KRAFT svo og innanfélagsmót. Mótahald allt hefur farið mjög vel fram og er í föstum skorðum. Félögin sjá alfarið um mótahaldið. Stjórn KRAFT mótaði þá stefnu á fyrra ári að félögin sjái um allt mótahald en að stjórnin einbeiti sér að öðrum störfum. Félögin hafa staðið sig mjög vel hvað allt mótahald snertir. Allri skráning keppenda hefur verið komið í enn fastari skorður en áður og nú keppir enginn né starfar á mótum nema vera skráður í Felix félagakerfi ÍSí.

Á mótaskrá sambandsins árið 2012 eru samtals 27 mót. Þar af 14 innanlandsmót og 13 erlend mót. Það er því mikil gróska í mótamálum

Framkoma keppenda á mótum hefur verið til fyrirmyndar með sárafáum undantekningum þar sem menn hafa látið í ljós vonbrigði sín með sinn eigin árangur með óviðeigandi framkomu. Slíkt er ekki íþróttamannslegt og hvet ég alla til að sýna af sér sanna íþróttamanns framkomu.

Nokkuð hefur verið unnið í að rækta félögin og sambandið milli sambandsins og félaganna. Þannig höfum við formaður og varaformaður heimsótt nokkur félög á árinu. Ég sagði í ársskýrslu síðasta árs fyrir ári síðan að gaman væri ef tvö ný félög bættust í hópinn á árinu en reyndin varð að þau urðu þrjú. Þjóðum við alla félaga í þeim velkomna í hópinn.

Þátttaka á mótum erlendis

Á árinu áttum við þátttakendur á 8 erlendum mótum og hafa íslenskir kraftlyftingamenn aldrei í sögunni tekið þátt í jafnmörgun erlendum mótum á einu ári.

Evrópumeistaramótið var haldið í Pilzen í Tékklandi í maí. Þar kepptu Auðunn Jónsson og María Guðsteinsdóttir. Vigfús Kryöer fór sem aðstoðarmaður Auðuns en Klaus Jensen aðstoðaði Maríu.

HM drengja í Kanada. Júlían Jóhann Karl Jóhannsson keppti á HM drengja í Kanada og náði frábærum árangri. Með honum fór Birgir Viðarsson sem aðstoðarmaður.

Fjórir sterkir Massastrákar voru sérstakir gestakeppendur á opnu unglíngamóti norska kraftlyftingasambandsins í Brumunddal í Noregi. Þeir hafa æft vel undir stjórn Sturlu Ólafssonar og náðu öllum sínum markmiðum á mótinu.

EM unglíngja í Bretlandi í maí. Íslensku strákarnir stóðu sig mjög vel og komu heim með tvenn silfurverðlaun.

Heimsmeistaramótið var haldið í Pílsen í Tékklandi í nóvember. Auðunn Jónsson keppti þar og Grétar Hrafnsson fór sem hans aðstoðarmaður. Einnig fór María Guðsteinsdóttir með Klaus Jensen sem aðstoðarmann en hann tók einnig þátt í dómaraströfum.

EM öldunga. Tveir keppendur tóku þátt í EM öldunga þeir Fannar Gauti Dagbjartsson og Halldór Eyþórsson. Fannar átti góðan dag þegar hann vann til silfur- og bronsverðlauna í -120 flokki. Fannar sem keppir í öldungaflokki 40-49 ára fékk silfur í bekkpressu og brons í réttstöðulyftu og samanlögðum árangri. Halldór hefur átt betri daga á keppnisvallinum en náði samt að vinna til bronsverðlauna í hnébeygju og réttstöðu.

Grétar Skúli Gunnarsson tók þátt í Norðurlandamóti unglunga í Svíþjóð ásamt aðstoðarmanni. Grétar Skúli vann til bronsverðlauna í 120,0+ kg flokki. Hann lyfti samtals 740,0 kg.

Auðunn Jónsson var síðan meðal keppenda á Arnold Classic ProDeadlift réttstöðumóti í Columbus Ohio í mars. Keppnin er liður í Arnold Sports Festival, einni af stærstu íþróttasamkomunum í Bandaríkjunum og þó víðar væri leitað. Heildarmótið er risastórt í sniðum og glæsilegt að hætti heimamanna.

Landsliðsbúningar

Á vordögum voru saumaðir landsliðsbúningar fyrir fulltrúa íslenskra kraftlyftinga á erlendri grund hjá Henson. Búningurinn samanstendur af jakka, buxum, bol og polobol og er allur fatnaðurinn merktur með íslenska fánanum, Íslandi og KRAFT. Það er því allt annað yfirbragð yfir íslenskum keppendum, dómurum og öðrum fulltrúum Íslands á erlendum stórmótum og þingum. Mikil og mikilsverð breyting frá því sem áður var þegar íslenskir fulltrúar voru ekki búnir sem skyldi. Búningarnir eru ekki til eignar heldur aðeins til notkunar í ferðum á vegum KRAFT. Ég vil því áminna alla um að skila þeim í lok ferðar til búninganefndar KRAFT.

Fyrirmyndafélag

Kraftlyftingafélag Garðabæjar - Heiðrún, hlaut á árinu fyrst allra kraftlyftingafélaga nafnbótina „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“. Fulltrúi ÍSÍ afhenti formanni félagsins, Alexander Inga Olsen, viðurkenninguna í tengslum við Bikarmót KRAFT á Akureyri. Við óskum Garðbæingum til hamingju með þennan áfanga og hvetjum önnur kraftlyftingafélög til að fylgja þeim fast á eftir. Handbók félagsins sem sýnir þá vinnu sem þarf að eiga sér stað til að ná þessum áfanga er að finna á heimsíðu Heiðrúnar. Hvet ég alla til að skoða hana. Þetta er í raun miklu minna mál en menn halda.

Heimasíða

Eitt af því sem er mikilvægt til eflingar kraftlyftingum er að allt upplýsingastreymi sé í góðum farvegi. Heimasíða sambandsins gegnir hér lykilhlutverki. Ný heimasíða var tekin í notkun á árinu 2010. En það er ekki nóg að vera með gott kerfi og útlit. Það þarf líka að vera sífellt að setja inn fréttir, fundarboð, fundargerðir, tilkynningar um mót ofl. ofl. Ritari sambandsins Gry Ek Gunnarsson hefur enn á ný lyft grettistaki í þessu sambandi. Á árinu 2010 setti Gry inn 130 fréttir og færslur. Á nýliðnu ári bætti hún um betur og það fóru hvorki meira né minna en 170 fréttir og færslur inn á síðuna auk fundargerða, reglugerða ofl. Ný frétt fór því inn annan hvern dag allt árið. Gerið betur. Síðan er ekki bara lifandi heldur sprellumlifandi. Auk kraft.is hefur sambandið Facebooksíðu sem allir félagsmenn geta skrifað á og komið þar með skoðunum sínum á framfæri. Gefum Gry gott klapp.

Goodlift og Dómaraljós

Kraftlyftingadeild Massa gerði það ekki endasleppt á byrjendamótinu sem fór fram í Njarðvíkum sl. vor. Að loknu dómaraþrófi og byrjendamóti var öllum boðið í kaffi og tertu þar sem viðurkenningar fyrir þátttöku voru afhentar og nýfengin dómara réttindi handsöluð. Síðan kvaddi Herbert Eyjólfsson, formaður Massa, sér hljóðs og afhenti Kraftlyftingasambandi Íslands veglega gjöf. Það voru glæný keppnisljós frá Eleiko. Sigurjón Pétursson, formaður Kraft, tók við gjöfinni og þakkaði fyrir. Ljósinn koma að góðum notum og nýtast öllum mótshöldurum. Enn eitt skrefið hefur verið tekið í áttina að því

að gera mótin okkar eins og best gerist erlendis. Enn fremur má geta þess að í upphafi árs greiddi Massi sérstakan styrk til sambandsins kr. 100.000. Við þökkum Massa innilega fyrir þessi framlög svo og þann stuðning sem Massi hefur veitt sambandið fjárhagslegan á árinu allt frá stofnun.

Goodlift tölvukerfið var keypt á fyrra ári og hefur reynst mjög vel. Kerfið er til að halda utan um allt sem gerist á mótum og var tekið í notkun á Reykjavík International Games í fyrra. Forritið og birtingarmöguleikar sem það býður upp á fyrir keppendur, áhorfendur og starfsmenn gjörbreyta öllu upplýsingaflæði og keppnir ganga hraðar og markvissar fyrir sig

Felix

Felix félagakerfi ÍSÍ leikur lykilhlutverk í allri starfsemi sambandanna. Lögð hefur verið mikil áhersla á að allir sem iðka kraftlyftingar séu skráðir í Felix og hefur náðst góður árangur. Nú eru yfir 600 iðkendur kraftlyftinga skráðir í Felix. Ég hvet félögin til að vera dugleg við þessa skráningu. Felixskráningin er notuð sem grundvöllur fyrir úthlutun Lottótækna svo eitthvað sé nefnt og þegar greinin er metin í hlutfalli við aðrar íþróttagreinar t.d. við úthlutun styrkja og stuðnings þá eru Felix tölurnar lagðar til grundvallar. Gerum því okkar grein gott með góðri skráningu í Felix á öllum sem iðka kraftlyftingar.

Styrkjamál.

Afreksmannasjóður úthlutaði styrk fyrir árið 2011 upp á kr. 500.000 til KRAFT v. Auðuns Jónssonar. Júlían fékk úthlutun úr sjóði fyrir unga og efnilega kr. 100.000 og Ólympíufjölskyldan úthlutaði sambandinu kr. 220.000 til þátttöku í mótum á árinu og hefur þannig verið mögulegt að greiða móta- og lyfjaprófunargjöld fyrir alla þá sem taka þátt í mótum erlendis á vegum sambandsins. Sambandinu barst síðan ferðastyrkur vegna þátttöku Auðuns Jónssonar í Arnold Classic í boði IPF sem fór fram í mars

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands úthlutaði svo nú nýlega styrkjum fyrir árið 2012 til afreksmanna sinna. Þrír kraftlyftingamenn hlutu styrki.

Auðunn Jónsson, Breiðabliki, hlaut 960.000 króna B-styrk Afrekssjóðs ÍSÍ, María Guðsteinsdóttir, Ármanni, hlaut 480.000 króna C-styrk úr sjóðnum og Júlían J.K. Jóhannsson, Ármanni, hlaut 150.000 króna styrk úr Styrktarsjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna.

Þau hafa svo sannarlega unnið fyrir þessu öll þrjú. Við óskum þeim til hamingju með þá viðurkenningu sem í þessu felst og vonum að það verður þeim hvatning til nýrra afreka á árinu.

Ég vil benda forráðamönnum félaganna á að frágangur umsókna um ofangreinda styrki er á vegum stjórnar KRAFT. Það er hins vegar mjög mikilvægt að allir forráðamenn félaga komi ábendingum á framfæri við stjórnina um þá sem hugsanlega eiga erindi inn í umsóknarferlið. Sú ábyrgð hvílir á herðum forráðamanna félaganna þar sem stjórnin getur ekki vitað allt um alla.

Afkreksfólk – Kraftlyftingamaður og kona ársins

María Guðsteinsdóttir og Fannar Gauti Dagbjartsson hlutu viðurkenningu KRAFT sem kraftlyftingamaður ársins í kvenna- og karlaflokki árið 2011. Þeim voru síðan afhentar viðurkenningar á árlegu hófi íþróttafréttaritara nú í janúar. Við óskum þeim innilega til hamingju með nafnbótina.

Alþjóða kraftlyftingasambandið IPF hefur birt listann yfir bestu kraftlyftingamenn í kvenna- og karlaflokki 2011. Listann er að finna á eftirfarandi slóð: <http://www.powerlifting-ipf.com/336.html>

Þar er gaman að finna Auðunn Jónsson, Breiðabliki, í 10.sæti í +120 kg flokki. Það var frábær árangur Auðuns á Evrópumótinu sl. sumar sem kom honum þangað.

María Guðsteinsdóttir, Ármanni, er í 25.sæti í -63,0 kg flokki kvenna með árangur sinn á Evrópumótinu.

Erlend samskipti

Í tengslum við EM í Pilzen í Tékklandi í maí var haldið ársþing EPF og sótti formaður KRAFT þingið. Gry Ek Gunnarsson ritari KRAFT situr í stjórn NPF. Ársþing IPF var síðan haldið í Tékklandi í nóvember og sótti Gry það fyrir hönd KRAFT. Þetta er annað árið sem við sendum fulltrúa á evrópuþingið og alþjóðþingið. Með þátttöku og viðkyrningu við forráðamenn kraftlyftinga á alþjóðavettvangi hafa myndast sterk persónuleg tengsl við fjölda fólks á þessum vettvangi og fullyrði ég svo sem kom fram í samtölum við erlenda aðila í síðustu viku að Ísland nýtur nú virðingar og hefur stöðu á þessum vettvangi. Enn fremur eigum við aðgang að ráðgjöf, kennslu, gögnum og öðru eins og sannast mun áþreifanlega á þessu ári hvað varðar þjálfunarmál eins og ég kem að hér á eftir.

Mótareglur

Nokkur vinna hefur verið leyst af hendi hvað varðar mótareglur og litu nýjar reglur dagsins ljós haustið 2011. Á fundi stjórnar nú í vikunni voru síðan samþykktar nokkrar betrubætur á mótareglum og verða þær birtar í næstu viku. Ekki er um verulegar efnisbreytingar að ræða heldur er reynt að bæta orðalag þannig að sem minnst sé um að ræða túlkunaratriði og óvissu.

Landsliðsmál – bætt þjálfun - Afreksstefna

Afreksstefna og málefni landsliðs Íslands í kraftlyftingum hefur verið til umfjöllunar í stjórn sambandsins. Sú breyting varð á að valdir voru í landslið KRAFT einstaklingar og hugmyndir eru uppi um að ráða landsliðsþjálfara sem muni halda utan um æfingar og undirbúning landsliðsmanna. Í síðustu viku áttum við fund með Dietmar Wolf landsliðsþjálfara Noregs og hefur hann lýst sig reiðubúinn til að aðstoða okkur við að setja upp markvissar æfingaáætlanir og koma upp hópi þjálfara líkt og gert hefur verið með góðum árangri í Noregi. Sambandið þarf nú á vormánuðum að móta afreksstefnu en við næstu úthlutun úr Afreksmannasjóði og öðrum sjóðum verður gert að skilyrði að fyrir liggi afreksstefna og áætlun um hvernig henni verði hrint í framkvæmd. Þar eru þjálfunar og þjálfaramálin lykilatriðið.

Dómaramál.

Sex nýir dómara bættust á dómaraalista Kraftlyftingasambands Íslands á einu bretti þegar eftirtaldir aðilar luku dómaraþrófi með góðum árangri: Kári Rafn Karlsson Kraftlyftingafélagi Akraness, Arnar Helgason Kraftlyftingafélagi Akraness, Alexander Ingi Olsen Kraftlyftingafélagi Garðabæjar, Rósa Birgisdóttir UMF Selfoss, Sævar Ingi Borgarso Massa og Gunnlaug Olsen Massa.

Hörður Magnússon alþjóðadómari endurnýjaði alþjóðleg réttindi sín á EM í Pilzen í maí og Klaus Jensen tók próf sem alþjóðadómari við sama tækifæri. Þeir dæmdu síðan á því móti. Auk þess dæmdu Helgi Hauksson á EM unglunga í Bretlandi í júní.

Mikilvægt er fyrir félögin að eiga á að skipa góðum hópi dómara og einnig er mikilvægt fyrir okkur að hafa á að skipa alþjóðadómurum. Við eigum nú þrjá alþjóðadómara þá Helga Hauksson, Hörð Magnússon og Klaus Jensen. Stjórnin hefur mótað þá stefnu að við þurfum að eiga í það minnsta 3 einstaklinga með alþjóðleg dómaraéttindi. Helst þyrftu þeir að vera 5. E.t.v. fjölgum við um einn á árinu 2012 sem hefur alþjóðleg réttindi.

Það er markmið sambandsins að efla þekkingu dómara og tryggja topp dómgaeslu á öllum mótum. Liður í því er að mennta dómara innan sambandsins. Í nýendurskoðaðri reglugerð um mótamál er gert ráð fyrir upprifjunarnámskeiðum fyrir dómara í það minnsta á tveggja ára fresti.

Lyfjamál – agamál

Lyfjamálin hafa verið mikið í brennidepli. Eins og okkur er kunnugt og til upprifjunar voru það lyfjamálin sem einna helst ýttu þeirri þróun af stað að gamla kraftlyftingasambandið var lagt niður og nýtt stofnað. Lyfjamálin eru ekkert sérstaklega mikilvæg eða uppi á borðinu í kraftlyftingum umfram aðrar íþróttagreinar. Langt því frá. Lyfjamálinu eru mikið áhersluatriði í nánast öllum íþróttagreinum

alls staðar í íþróttahéimnum. Við höfum átt mjög gott samstarf við lyfjanefnd ÍSÍ og starfsmenn hennar. Lyfjæftirlit ÍSÍ framkvæmdi 9 lyfjapróf á meðlimum KRAFT árið 2011. Sýni voru tekin af sex körlum og þrem konum, sjö próf voru tekin í keppni, tvö utan keppni. Nú hafa niðurstöður borist úr síðasta prófi ársins, og það er skemmst frá því að segja að öll voru þau neikvæð. Alls hafa frá stofnun KRAFT því verið framkvæmd 30 próf sem öll hafa reynst neikvæð. Við erum stolt að geta sent þessar niðurstöður í árlegri lyfjæftirlitsskýrslu til IPF og EPF. Kraftlyftingasambandið fagnar komu eftirlitsmanna lyfjæftirlitsins hvenær sem þeir mæta á okkar mót. Okkur er mikið í mun að sýna og sanna að meðlimir KRAFT stunda kraftlyftingar án notkunnar ólöglegra efna.

Það er undirstöðuatriði að öll félög innan KRAFT taki þátt í baráttunni gegn steranotkun með fræðslu, áróðri og með því að skapa félagsanda og menningu sem útilokar allt slíkt. Í staðinn byggjum við upp félagsanda þar sem allt er uppi á borðinu og menn keppa á heilbrigðum jafnréttisgrundvelli.

ÍSÍ hefur gefið út bækling um lyfjamál sérstaklega ætlaður ungum íþróttamönnum. Upplagt er fyrir félögin að láta senda sér hann og láta liggja frammi í æfingasölum og dreifa til félagsmanna. Því miður hafa komið upp þrjú agamál á árinu sem nauðsynlegt hefur reynst að taka á. Ólögleg lyf koma þar ekki við sögu heldur þátttaka ungra félaga í aðildarfélögum KRAFT í mótum sem haldin eru af aðilum utan KRAFT. Ég tel ekki rétt á þessari stundu að gera þessi mál hvert og eitt að sérstöku umfjöllunarefni en vil hvetja forráðamenn hvers félags til að vera vakandi í þessum efnum. Til að taka af allan vafa í þessum efnum hefur 8. gr. mótareglanna nú verið endurskoðuð og hljóðar hún svo:

Engum félagsmanni í aðildarfélagi að KRAFT er heimilt að keppa, dæma, starfa eða aðstoða keppendur á mótum í kraftlyftingum (hnébeygja, réttstaða og bekkpressa), innanlands eða erlendis, sem haldin eru á vegum aðila sem ekki eru aðilar að KRAFT eða viðurkenndur af IPF án sérstaks leyfis KRAFT. Með sama hætti má enginn sem er í keppnisbanni eða sem ekki er skráður félagi í aðildarfélag KRAFT keppa, dæma, starfa eða aðstoða á mótum í kraftlyftingum (hnébeygja, réttstaða og bekkpressa), sem haldin eru af aðildarfélagi KRAFT án sérstaks leyfis KRAFT.

Fjölmiðlamál

Fjölmiðlamál hafa verið nokkuð til umfjöllunar hjá okkur í stjórninni. Mikilvægt er að auka umfjöllun um kraftlyftingar og hefur það tekist að nokkru leyti. Áður fyrr fjölluðu fréttastofurnar lítið um kraftlyftingar en eftir að við komum inn í ÍSÍ er annað hljóð í strokknum. Þetta mál byggist að miklu leiti á okkur. T.d. þarf að dreifa fréttatilkynningum frá félögum þegar þau halda mót og fylgja þeim eftir með símtölum. Gangi ykkur vel í því efni. Afrek okkar fólks s.s. Júlíans vakti athygli og komumst við m.a. í Kastljós sjónvarpsins að því tilefni. Fréttamenn hafa einnig mætt á mót. Sem dæmi má nefna að umfjöllun sjónvarps af Bikarmeistaramótinu í besta fréttatíma sjónvarpsins nú í nóvember mjög ítarleg.

Að lokum

Margt fleira mætti nefna úr starfinu á árinu sem er að líða en ég læt hér staðar numið. Fjárhagur sambandsins hefur styrkst verulega eins og ársuppgjörið sem hér verður kynnt svo og áætlun fyrir árið 2012 bera með sér. Á árinu verða tekjur um 6 milljónir króna. Aldrei áður í sögu íslenskra kraftlyftinga höfum við geta styrkt jafn marga keppendur til farar á erlend mót. Á þessu ári þurfum við hins vegar að setja upp afreksstefnu og hefja marvissa uppbyggingu þjálfunar til samræmis við hana. Hér er um langtíma verkefni að ræða en eins og við kraftlyftingamenn vitum þá skapar þrotlaus og síendurtekin markviss æfing góðan meistara.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég þakka fyrir allan þann stuðning og traust sem ég sem formaður og stjórnin hefur fengið að njóta af ykkar hálfu. Árið hefur verið mjög skemmtilegt og okkur hefur tekist að festa sambandið vel í sessi. Verkefninu er hins vegar alls ekki lokið. Ég hef setið í mörgum góðum stjórnnum og ráðum í gegn um tíðina en sá hópur sem skipar núverandi stjórn KRAFT er einn sá besti. Einstaklingarnir eru ólíkir og koma úr ýmsum áttum en mynda mjög sterka og einhuga heild þar sem hver og einn kemur með sína sérþekkingu og styrkleika að borðinu. Eitt er sameiginlegt og það er

áhuginn á framgangi kraftlyftinga. Það er málið. Ég vil þakka stjórnarmönnum allt þeirra mikla framlag og góða samstarf. Ykkur þingfulltrúum þakka ég traustið.

10. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga og fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár

Í fjarveru gjaldkera lagði Sigurjón Péturson formaður fram og skýrði endurskoðaða reikninga sambandsins. Hann kynnti um leið fjárhagsáætlun fyrir 2012. Velta sambandsins hefur aukist til muna og fjárhagsstaðan batnað. Helstu tölur:

Rekstrartekjur: 4.845.949

Rekstrargjöld: 4.171.907

Hagnaður ársins eftir fjármagnsliði: 642.591

Skuldir og eigið fé: 636.681

Í fjárhagsáætlun 2012 er gert ráð fyrir tekjum 5.990.000 en að gjöld nemi 5,550.000

Reikningar og fjárhagsáætlun í viðlögðu skjali.

11. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga og reikningar bornir undir atkvæði

Þingforseti bauð upp á umræður um skýrslu og reikninga.

Fulltrúi Kraftlyftingadeildar Gróttu beindi til stjórnar að endurskoða reglur um beitingu lágmarksviðmiða við setningu Íslandsmeta. Hún vildi sjá að það væri nóg að jafna viðmiðið til að fá viðurkennt met.

Fulltrúi Kraftlyftingafélags Akureyrar spurði um möguleika á að bæta við mótum á mótaskrá yfirstandandi keppnistímabils. Honum var bent á að senda spurninguna í formlegu bréfi til stjórnar til afgreiðslu.

Fulltrúi Héraðssambandsins Skarphéðins gerði athugasemd við orðalag í reglubreytingum sem boðað var í skýrslu stjórnar. Þegar bann er lagt við því að félagsmenn taki þátt í mótum utan Kraft þarf að koma skýrt fram að þá er um að ræða mót þar sem keppt er í kraftlyftingum. Stjórnin tekur ábendingunni til greina.

Skýrslan, reikningar og fjárhagsáætlun voru bornir undir atkvæði og samþykkt.

12. Stjórn KRAFT leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár

Þetta var afgreitt undir lið 10.

13. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu.

Ein tillaga að lagabreytingu lá fyrir og hafði hún verði kynnt fulltrúum í seinna fundarboði tveimur vikum fyrir þingið. Guðjón Hafliðason kynnti tillögunni sem varðar 10.grein 4.kafla sem hljóðar svo:

Málefni sem aðildarfélög eða sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn KRA minnst 21 degi fyrir þingið. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sérsambandsþing, skal senda héraðssamböndum/íþróttabandalögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Eigi síðar en viku fyrir boðað kraftlyftingaþing skal stjórn KRA kynna aðildarfélögum og sambandsaðilum reikninga sambandsins ásamt fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

EFTIR BREYTINGU:

Málefni sem aðildarfélög eða sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn KRA minnst 21 degi fyrir þingið. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sérsambandsþing, skal senda þeim aðilum sem eiga rétt á fulltrúa/fulltrúum á þingið með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Eigi síðar en viku fyrir

boðað kraftlyftingabing skal stjórn KRA kynna aðildarfélögum og sambandsaðilum reikninga sambandsins ásamt fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

14. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem hafa borist til stjórnar.

Engar tillögur bárust þinginu innan tilskilins frests.

15. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Engin mál voru lögð fyrir þingnefndir.

16. Ákveða þátttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils.

Stjórnin lagði fram tillögu um keppnisgjald kr. 4000,- á kraftlyftingamótum og kr. 2500,- á mótum í einstökum greinum.

Umræður urðu um hvort þessar upphæðir ættu að vera viðmið, hámarksupphæðir eða algild.

Sigurjón lagði fram svohljóðandi tillögu:

Þátttökugjald á mótum á mótaskrá þar sem keppt er í öllum þremur greinum skal vera 4000 krónur, en 2500 krónur þegar keppt er í einni grein. Stjórn KRAFT getur ákveðið önnur gjöld fyrir einstök mót.

Var tillagan samþykkt.

17. Önnur mál

a)

Fulltrúi Breiðabliks mælti til þess að stjórnin skoða reglur um setningu Íslandsmeta. Margir tóku til máls og var það greinilegur vilji fundarins að herða reglurnar og tryggja bestu skilyrði við setningu meta.

Stjórnin skal taka þetta til greina við endurskoðun mótareglanna.

Fulltrúi KFA spurði um hvaða reglur gilda í sambandi við Héraðsmet. Honum var bent á að kanna hvaða reglur væru í gildi hjá Íþróttabandalagi Akureyrar.

b)

Birgir Viðarsson, formaður mótanefndar, spurði um skoðun fulltrúa á að taka upp aftur sérstök unglínga- og öldungamót.

Nokkrar umræður urðu um málið og var bent á að félögin geta sjálf haldið aldurstengd mót. Engin sterk ósk kom fram um að aldurskipta stóru mótin og var stjórninni falið að fylgjast með þróuninni áfram og skoða t.d. nauðsyn þess að setja lágmark á stærstu mótin.

c)

Bent var á þeim möguleika að auglýsa og halda námskeið í kraftlyftingum fyrir almenning. Þetta væri leið bæði til að kynna íþróttina og til að fjölga iðkendum.

d)

Fulltrúi Breiðabliks bar fram annað árið í röð ósk um að skráningarfyrirkomulag á mót verði tvískipt þannig að fyrsta skráning er 3 vikur fyrir mót, en lokafrestur til að greiða keppnisgjald og breyta um

Þyngdarflokk verði 2 vikur.
Stjórnin skoðar þetta í tengslum við endurskoðun mótareglna.

e)

Fulltrúi Héraðssambandsins Skarphéðins gerði að umtalsefni óíþróttamannslega framkomu sem keppendur Selfoss urðu fyrir í tengslum við ÍM í réttstöðu á Selfossi í desember. Óstaðfestar ásakanir um lyfjamisnotkun voru bornar fram í kjölfar mótsins. Formaður KRAFT svaraði því til að stjórninni væri kunnugt um málið og teldi ástæðu til að biðja hlutaðeigendum formlega afsökunnar f.h. hreyfingarinnar. Beint var til fulltrúa allra félaga að sýna samstöðu og réttan íþróttanda í öllum samskiptum.

18. Kosning stjórnar

Kjósa átti formann og þrjá varamenn til eins ár og fjóra menn í aðalstjórn til tveggja ára.

Sigurjón Pétursson var endurkjörinn formaður til eins árs með lófataki. Engar aðrar tillögur bárust.

Auðunn Jónsson, Breiðabliki, Óskar Ingi Víglundsson, UMFN – Massa og Hulda Pjetursdóttir, Gróttu voru kjörin varamenn til eins árs með lófataki. Engar aðrar tillögur bárust.

Aðalmenn til tveggja ára voru kosnir: Guðjón Hafliðason, Breiðabliki, Birgir Viðarsson, Breiðabliki, Gry Ek Gunnarsson, Ármanni og Kári Rafn Karlsson, Kraftlyftingafélagi Akraness.

19. Kosning 2 endurskoðenda/skoðunarmanna og 2 til vara

Lögð var fram tillaga um Helga Briem og Herbert Eyjólfsson sem aðalmenn og Magnús Örn Guðmundsson og Borghildi Erlingsdóttur til vara. Engar aðrar tillögur bárust og voru þau kosin með lófataki.

20. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ

Kraftlyftingasambandið á tvo fulltrúa á þingið og var gerð tillaga um að Sigurjón Péturson formaður og Guðjón Hafliðason varaformaður sitji þingið fyrir hönd KRAFT.

Tillagan var samþykkt.

21. Þingslit

Sigurjón tók við stjórn þingsins og þakkaði þingforseta og þingfulltrúum fyrir störfín og ánægjulegt og gagnlegt þing. Hann þakkaði traustið sem sér og stjórninni hafði verið sýnt og sleit þinginu kl. 11.30.

Þingritari

Gry Ek Gunnarsson